

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2014, föstudaginn 28. nóvember, var haldinn 206. fundur í stjórn Strætó bs.og hófst hann kl. 8:30. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir formaður, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson (varamaður), Gunnar Valur Gíslason og Einar Birkir Einarsson. Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, ritaði fundargerð.

### Tekið fyrir:

1. Fimm ára fjárhagsáætlun 2015-2019  
Framhald umræðu frá 201. fundi stjórnar. Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, fór yfir forsendur og niðurstöðu áætlunarinnar. Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun Strætó bs. 2015-2019.
  2. Stefnumótun  
Ragnar Guðgeirsson framkvæmdastjóri Expectus fór yfir stöðu stefnumótunar félagsins. Stefnumótunarvinnan verður áfram til umfjöllunar á næstu fundum stjórnar.
  3. Húsnæðismál  
Bergdís Ingibjörg Eggertsdóttir, verkefnastjóri, fór yfir stöðuna á fyrirhuguðum framkvæmdum á húsnæði Strætó í Mjódd. Stjórnin samþykkir að útboð vegna framkvæmdanna verði auglýst nú um helgina.
  4. Tjónleysisbónus vagnstjóra  
Jóhannes Rúnar Svavarsson, sviðsstjóri Rekstrarsviðs, lagði fram minnisblað, dags. 14.11.2014, um árangurstengt bónuskerfi fyrir vagnstjóra tengt tjónleysi í umferðinni. Markmið með kerfinu er að fækka tjónum hjá Strætó bs. Stjórnin samþykkir að verkefnið verði rekið sem tilraunaverkefni í eitt ár. Eftir það verði málið skoðað að nýju og endurmetið í ljósi reynslunnar af því.
  5. Útfærsla á greiðslu í samræmi við samning við BL á endurnýjun 20 strætisvagna í rammasamningi nr. 13002, Strætó bs. – endurnýjun strætisvagna  
Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:
    - Minnisblað frá VSÓ, dags. 25.11.2014.
    - Tölvupóstur, dags. 27.11.2014, frá embætti borgarlögmans, þar sem kynnt er það álit embættisins að samningurinn sem í gildi er milli Strætó bs. og BL og gerður var á grundvelli samningskaupaferils nr. 13002, breytist ekki í neinum aðalatriðum við kynnta tillögu á útfærslu á greiðslu.
- Með vísan til álits VSÓ og embættis borgarlögmans samþykkir stjórnin þá útfærslu sem lögð er til.
6. Akstursþjónusta fatlaðra  
Umræðu frestað.
  7. Nokkrar staðreyndir um nýja Strætó Appið  
Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingatækni, fór yfir hvernig nýja Strætó APPið sem fór í loftið 20. nóvember sl. hefur gengið. Stjórn lýsir yfir ánægju með nýtt APP og þakkar starfsmönnum vel unnin störf í tengslum við innleiðinguna.
  8. Ráðning framkvæmdastjóra  
Formaður skýrði frá stöðu mála varðandi ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra byggðarsamlagsins, en Capacent mun sjá um umsóknarferlið. Kynnt voru drög að auglýsingu sem Capacent hefur sett upp. Stjórnin samþykkir að auglýsa starf framkvæmdastjóra nú um helgina. Formaður kynnt jafnframt að samið hafi verið við Ástríði Þórðardóttur fjármálastjóra um að gegna einnig starfi framkvæmdastjóra tímabundið þar til gengið hafi verið frá ráðningu nýs framkvæmdastjóra.

9. Endurskoðunarnefnd – ytri og innri endurskoðun  
Í framhaldi af kynningu á endurskoðunarnefnd Reykjavíkur á 201. fundi stjórnar var lögð fram ósk um að aðkoma nefndarinnar að eftirliti stjórnar Strætó bs. með ytri endurskoðun og innra eftirliti hjá Strætó bs. yrði formgerð.  
Stjórnin samþykkir að fela endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hlutverk endurskoðunarnefndar félagsins. Endurskoðunarnefnd mun þannig vinna fyrir hönd stjórnar Strætó bs. að verkefnum sem skilgreind eru í samþykktum fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkur, en þau helstu eru:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum eða innri endurskoðanda.

Komið verði upp verklagi í samstarfi Strætó bs. og endurskoðunarnefndar til að tryggja samfellu í upplýsingaflæði til stjórnar.

Stjórnin samþykkir að fela formanni stjórnar að útfæra samskipti við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

## 10. Erindi

- a. Fyrirspurn frá 13. nóv. 2014 frá borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina. Stjórnin felur formanni stjórnar að svara fyrirspurninni.
- b. Bréf, dags. 24.11.2014, frá Hjólafærni á Íslandi, með ósk um samstarf við mótun og miðlun upplýsinga um almenningsamgöngur á Íslandi. Erindinu vísað til umsagnar stjórnenda Strætó bs. Umsögnin liggja fyrir á næsta fundi stjórnar.
- c. Bréf, dags. 13.11.2014, frá Kópavogsbæ, þar sem kynnt er fyrirspurn frá 13. nóvember sl. frá bæjarráði Kópavogs varðandi ráðningu fjölmíðlafulltrúa Strætó. Stjórnin felur formanni stjórnar að svara fyrirspurninni.
- d. Framkvæmdastjóra falið að senda umsögn Strætó bs. um framvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, brottfall laga nr. 97/1987, um vörugjald og beytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Þar sem bent er á að fjárfestingakostnaður félagsins eykst mikið við það að endurgreiðsla 2/3 hluta virðisaukaskatts verði feld niður eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fleira var ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 10:50**

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Einar Birkir Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir  
Bjarni Torfi Álfþórsson